
1. LIÐUR: Auðkenni efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Auðkenni vöru

Vöruheiti:	KJÖRVARI 10
Lýsing á vöru:	Leysiefnaþynnt alkýðbundin viðarvörn fyrir við utanhúss.
Tegund vöru:	Vökvi
Aðrar leiðir til auðkenningar:	Ekki fyrirliggjandi.

1.2 Viðeigandi tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá

Notkunarsvið:	Yfirborðsmeðhöndlun
Skilgreind notkun	Fyrir fagmenn og í iðnaði

1.3 Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins

Framleiðandi /seljandi:	Málning hf
Aðsetur:	Dalvegur 18
Póstnúmer og staður:	201 Kópavogur
Sími framleiðanda:	580 6000
Tengiliður:	Tæknideild Málningar
Netfang:	oryggisblod@malning.is

1.4 Neyðarsímanúmer

Neyðarsími: Landspítali Háskólasjúkrahús Eitrunarmiðstöð	543 2222
---	----------

2. LIÐUR: Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

Skilgreining á vöru: Blanda

[Flokkun samkv. reglugerð \(EB\) Nr. 1272/2008 \[CLP/GHS\]](#)

Flam. Liq. 3, H226
Asp. Tox 1; H304
Stot Re 2, H372
Aquatic Chronic 2, H411
EUH 066

Í kafla 16 er að finna heildartexta hættusetninga sem tilgreindar eru hér á undan.
Sjá kafla 11 til að fá nánari upplýsingar um heilsufarsleg áhrif og einkenni.

2.2 Þættir hættumerkingar**Hættumerki:**

Hættuvísending: Hætta
Hættusetningar: Eldfimir vökvi og gufa
 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
 Skaðar miðtaugakerfi.
 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
 Inniheldur IPBC. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

Varnaðarsetningar: Geymist þar sem börn ná ekki til.
 Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk.
 EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITUNARMÍÐSTÖÐ /lækni.
 Ekki framkalla uppköst.
 Andið ekki að ykkur gufu.
 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Hættuleg innihaldsefni: Terpentína, IPBC
Aðrir hlutar merkimiða: Inniheldur 2-bútanonoxím.

2.3 Annars konar hætta

Aðrar hættur sem leiða ekki til flokkunar Ekki fyrirleggjandi.

3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

HEITI	AUÐKENNI	%	FLOKKUN 1278/2008 [CLP]	Gerð
Terpentína	EB: 265-185-4 CAS: 64742-82-1 Index: 649-330-00-2 REACH: 01-2119458049-33-XXXX	> 50	Flam. Liq. 3, H226 Asp. Tox 1; H304 Aquatic Chronic 2, H411 STOT RE 1, H372 EUH066	[1] [2]
2-bútanonoxím	EB:202-496-6 CAS: 96-29-7 Index: 616-014-00-0 REACH: 01-2119539477-28	< 0,1	Acute Tox. 4, H302 Acute Tox. 4, H312 Eye Dam.1, H318 Skin Sens. 1, H317 Carc. 2, H351	[1]
3-joð-2-própýnyl bútýlcarbamat (IPBC)	EB: 259-627-5 CAS: 55406-53-6	<0,20	Acute Tox. 4, H302 ; Acute Tox. 3, H331 Eye Dam. 1, H318 Skin Sens. 1, H317 STOT RE 3, H372 Aquatic Acute 1, H400 Aquatic Chronic 1, H410	[1]

Það eru engin efni til viðbótar sem samkvæmt núverandi þekkingu birgis eru í þeim styrkleika að þau flokkist hættuleg heilsu eða umhverfi og þurfi þar með að greina frá hér.

Gerð

[1] Efni sem flokkað er hættulegt heilsu eða umhverfi.

[2] Efni sem hefur váhrifsmörk á vinnustað.

[3] Efni stenst mat á þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eiturrhif (PBT) samkvæmt XIII. viðauka í reglugerð EB nr 1907/2009.

[4] Efni stenst mat á mikilli þrávirkni og mikilli uppsöfnun efna (vPvB) samkvæmt XIII. viðauka í reglugerð 1907/2006.

Vinnuverndarmörk, ef þau eiga við eru listuð upp í kafla 8.

4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á skyndihjálparúrræðum

- Almennt** : Ef einkenni eru viðvarandi eða vafi leikur á greiningu skal leita læknis. Aldrei skal gefa meðvitundarlausum aðila eitthvað um munn. Ef viðkomandi missir meðvitund skal setja hann í læsta hliðarlegu og leita læknis.
- Innöndun** : Færið í ferskt loft. Haldið hita á viðkomandi og í hvíld. Ef sjúklingurinn andar ekki, andar óreglulega eða fer í öndunarstopp skal þjálfað starfslíð veita öndunarhjálp eða gefa súrefni.
- Snerting við húð** : Fjarlægja skal mengaðan fatnað og skó. Þvoið húð vandlega með sápu og vatni eða notið viðurkennt húðhreinsiefni. Notið EKKI leysiefni eða þynna.
- Snerting við augu** : Athugið og fjarlægjið augnlinsur. Skolið umsvifalaust með rennandi vatni í a.m.k. 15 mínútur, haldið augnlokum opnum. Leitið umsvifalaust læknishjálpar.
- Inntaka** : Leitið læknisaðstoðar tafarlaust ef inntaka hefur átt sér stað og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar. Haldið hita á viðkomandi og í hvíld. EKKI framkalla uppköst.
- Varnir þeirra sem veita fyrstu hjálpi** : Enga aðgerð skal framkvæma sem felur í sér persónulega áhættu eða án þess að viðeigandi þjálfun hafi farið fram. Það getur verið hættulegt fyrir þann aðila sem veitir skyndihjálpi að beita munn við munn aðferðinni. Þvo skal föt sem hafa mengast af efninu vel með vatni áður en þau eru fjarlægð eða nota hanska.

4.2 Mikilvægustu einkenni og áhrif, bæði í bráð og síðbúin

Möguleg bráðahætta á heilsu

- Snerting við augu** : Getur valdið ertingu.
- Innöndun** : Getur valdið sljóleika og svima.
- Snerting við húð** : Getur valdið ertingu.
- Inntaka** : Engin þekkt veruleg áhrif eða bráðahætta.

Merki / einkenni váhrifa

- Snerting við augu** : Engar sérstakar upplýsingar.
- Innöndun** : Alvarleg einkenni geta verið; uppköst, höfuðverkur, sljóleiki, svimi.
- Snerting við húð** : Engar sérstakar upplýsingar.
- Inntaka** : Engar sérstakar upplýsingar.

4.3 Ábendingar um tafarlausu læknishjálpi og sérstaka meðferð sem þörf er á

- Athugasemdir ætlaðar lækni** : Meðhöndlið í samræmi við einkenni. Hafið samband við sérfræðing í eiturefnum umsvifalaust ef mikið magn hefur verið tekið inn eða andað að sér.
- Sérstök** : Engin sérstök meðferð.

meðhöndlun

5. LIÐUR: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkviefni

Viðeigandi slökkviefni : Alkóhólþolin froða, koldíoxíð, duft eða vatnsúði.

Óhentug slökkviefni : Sprautun með vatni.

5.2 Sérstök hættu sem stafar af efni eða efnablöndu

Hættu sem stafar af efninu eða blöndunni : Eldfimur vökvi. Við eld eða hitun mun þrýstingur aukast og umbúðir geta opnast með hættu á sprengingu. Rennsli í niðurföll geta valdið eld- og spengihættu.

Hættuleg niðurbrotsefni : Niðurbrotsefni geta innihaldið: Kolmónoxíð, koldíoxíð.

5.3 Ráðleggingar fyrir slökkvilið

Sérstakar varnaðgerðir fyrir slökkviliðsmenn : Brjótist eldur út skal strax einangra svæðið og fjarlægja alla sem eru í nánd við svæðið. Ekki skal gera neitt sem er manni hættulegt eða hefur ekki verið þjálfað. Fjarlægið ílát frá svæðinu ef það er mögulegt án þess að skapa hættu. Lokuð ílát sem lenda í eldi skal kæla með vatni. Efnið er skaðlegt vatnalífverum. Gætið þess að rennsli frá slökkvistað komist ekki í niðurföll eða vatnsfarvegi.

Sérstakur hlífðarbúnaður fyrir slökkviliðsmenn : Slökkviliðsmenn skulu bera viðeigandi hlífðarbúnað og lofttengdan öndunarbúnað (SCBA) með lokaða andlitsgrímu sem stillt er á jákvæðan þrýsting. Klæðnaður slökkviliðsmanna (þar með talið hjálmur, hlífðarsígvél og hanskar) skulu vera í samræmi við Evrópustaðal EN 469 og verður undirstöðubúnaður til að sinna efnaslysum.

6. LIÐUR: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysn

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Ætlað starfsfólki sem vinnur ekki við neyðarþjónustu : Ekki gera neitt sem er manni hættulegt eða hefur ekki verið þjálfað. Metið umlykjandi svæði. Haldið óvörðu og óþörfu fólk frá. Snertið ekki eða gangið um efni sem hellst hefur niður. Lokið af neistagjafa og annað sem kann að valda íkveikju. Forðist innöndun gufu. Tryggið góða loftræstingu.

Fyrir bráðaliða : Ef nauðsynlegt er að klæðast sérhönnuðum fatnaði til að eiga við lekann skal leita upplýsinga í lið 8 varðandi hentug og óhentug efni. Sjá einnig upplýsingar í lið 8 um frekari upplýsingar um varnaðaraðgerðir.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfis : Gætið þess að spilliefnin komist ekki í niðurföll eða vatnsfarvegi. Ef efnið kemst í niðurföll eða vatnsfarvegi skal hafa samband við viðeigandi yfirvöld. Vatnsmengandi efni. Getur verið hættulegt umhverfinu ef það sleppur út í miklu magni.

- 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar** : Stöðvið leka án áhættu. Flytjið ílát burt frá mengunarsvæði. Nálgist útlosunina með vindinn í bakið. Komið í veg fyrir að efnið berist í fráveitur, vatnsrásir, kjallara og lokuð rými. Þvottavatn skal koma til aðila sem meðhöndlar útrennsli eða gera eftirfarandi: Hindrið útbreiðslu og hreinsið upp með óbrennandi ísogsefni t.d. sandi, jarðvegi, vermikúlíti eða kísilkúr sem síðan er fargað í samkvæmt gildandi reglugerðum. Notið neistafrí og sprengifrí tæki. Mengað ísogsefni getur haft í för með sér sömu hættu og efnið sem helltist niður.
- 6.4 Tilvísun í aðra liði** : Sjá lið 1 til að fá upplýsingar um neyðarhjálp.
Sjá lið 8 til að sjá upplýsingar um viðeigandi persónuhlífar.
Sjá lið 13 til að fá frekari upplýsingar um meðferð úrgangs.

7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla

- 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun** : Koma skal í veg fyrir myndun gufu í lofti í þeim styrkleika sem getur verið eldfimur eða sprengifimur og forðast skal að styrkur gufu fari yfir leyfileg mengunarmörk. Að auki ætti aðeins að nota vöruna á svæðum þar sem óvarin ljós og aðrir neistagjafar hafa verið fjarlægð. Rafbúnaður skal varinn samkvæmt gildandi stöðlum. Blandan hleður sig mögulega stöðurafmagni. Notið ávallt jarðtengingar þegar flutt er úr einu íláti í annað. Starfsmenn ættu að nota afrafmagnandi fatnað og skó og gólf ættu að vera með þekju úr leiðandi efni. Haldið frá hita, neistum og eldi. Notið ekki verkfæri sem mynda neista. Forðist snertingu við húð og augu. Forðist innöndun ryks, agna eða gufu sem myndast við notkun þessarar blöndu. Forðist innöndun ryks frá pússun. Að borða, drekka og reykja skal bannað á svæðum þar sem þetta efni er meðhöndlað, geymt eða unnið. Notið viðeigandi hlífðarbúnað (sjá lið 8). Beitið aldrei þrýstingi við tæmingu. Ílátið er ekki þrýstihylki. Geymið alltaf í íláti úr sama efni og upprunalega ílátið. Farið að lögum um öryggi og heilsufar á vinnustað.
Upplýsingar um bruna og sprengivarnir.
Gufur efnisins eru þyngri en loft og breiðast því út með gólfi. Gufur geta myndað sprengifima blöndu með andrúmslofti.
- 7.2 Örugga geymsluskilyrði, þ.m.t. mögulega ósamrýmanleika** : Geymist í samræmi við lög og reglugerðir.
Athugasemdir varðandi samtímis geymslu.
Haldið frá: Oxandi efnum, sterkum lút, sterkum sýrum.
Frekari upplýsingar um geymsluaðstæður.
Farið eftir varúðarleiddbeiningum á umbúðamiða. Geymið á þurru, svölu og vel loftræstu svæði. Geymið fjarri íkveikjuvöldum. Reykingar bannaðar.
Komið í veg fyrir óheimilaðan aðgang.
Ílát sem hafa verið opnuð verður að loka vandlega og halda uppréttum til að koma í veg fyrir leka.

7.3 Sérstök notkun

Ráðleggingar : Ekki fyrirbyggjandi.

Sérstakar ráðleggingar í : Ekki fyrirbyggjandi.

iðnaði

8. LIÐUR: Takmörkun váhrifa / persónuhlífar**8.1 Viðmiðunarbreytur****Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi**

Hættumörk samkv. Reglugerð nr. 390/2009

Heiti	Meðalgildi (8 klst.)		Þakgildi	
	ppm	mg/m ³	ppm	mg/m ³
Terpentína	25	145	-	-

**Ráðlagðar verk-
lagsreglur um
vöktun** : Ef þessi vara inniheldur efni með viðmiðunarmörk fyrir váhrif getur verið nauðsynlegt að kanna með eftirliti á vinnustað hvort fullnægjandi loftræstibúnaður eða annars konar ráðstafanir séu til staðar og / eða hvort nauðsyn beri til að nota öndunargrímur. Vísa skal til Evrópustaðals EN 689 – Leiðbeiningar um mat á váhrifum við innöndun á efnasamböndum og gildandi leiðbeiningar um aðferðir til að greina hættuleg efni.

Afleidd áhrifaleysismörk

Engin DNEL-gildi til staðar.

Forskráður hrifstyrkur

Engin PNEC-gildi til staðar.

8.2 Váhrifavarnir

**Viðeigandi
stjórnáætkni** : Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Notið staðbundna loftræstingu og almenna loftræstingu til að halda magni af gufu og ryki í lofti vel undir viðeigandi markgildum. Notið einvörðungu sprengiheldan loftræstibúnað.

Persónulegar varnarráðstafanir

**Hreinlætis-
ráðstafanir** : Þvoið hendur, handleggi og andlit vel eftir meðhöndlun efnavara, áður en fæðu eða drykks er neytt, fyrir reykingar, áður en farið er á snyrtingu og í lok vinnutíma. Beita skal viðeigandi aðferðum við að fjarlægja fatnað sem kann að hafa mengast. Þvoið föt sem mengast hafa af efninu fyrir næstu notkun. Tryggja skal að augnskolunarstöðvar og öryggissturtur séu nálægt staðsetningu hverrar starfstöðvar.

**Augn- og andlits-
hlífar** : Nota skal augnhlífar samkvæmt vottuðum staðli þegar hættumat bendir til að slíkt sé nauðsynlegt til að forðast að verða fyrir skvettum, loftúða eða ryki.

Húðvörn

Handavörn : Fyrir langvarandi eða endurtekna meðhöndlun skal nota eftirfarandi hanska: Nítríl gúmmi. Hlífðarkrem (barrier creams) geta hjálpað við að vernda þann hluta húðarinnar sem kann að verða fyrir mengun en þau skal þó ekki nota ef efnið hefur þegar borist á húð.

Til að velja hanska af réttri gerð með hliðsjón til efnaþols og gegndræpitíma er rétta að leita ráðgjafar hjá söluaðilum á efnaþolnum hönskum.

Tryggja skal að endanlegt val á hönskum til að meðhöndla þessa vöru miðist við notkunaraðstæður og hættumat notanda.

- Líkamsvörn** : Hlífðarbúnað fyrir líkamann ætti að velja í samræmi við verkið framundan og hættuna sem fylgir meðhöndlun efnisins. Rétt er að fá samþykki sérfræðings fyrir verklaginu.
- Aðrar hlífar fyrir húð** : Velja skal viðeigandi skófatnað og hlífðarbúnað fyrir húðina samkvæmt því verkefni sem er fyrir höndum og þeirri áhættu sem það felur í sér. Rétt er að fá samþykki sérfræðings fyrir verklaginu.
- Vörn fyrir öndunarfæri** : Ef notendur verða fyrir hærri styrk efna en viðmiðunarmörk skal nota viðeigandi öndunarbúnað. Notið öndunargrímu með kola- og ryksíu þegar efninu er sprautað (sambyggð sía A2-P2). Nota skal ferskloftsbúnað í þröngum rýmum. Við penslun eða rúllun skal meta hvort nota beri grímu með kolasíu.
- Takmörkun váhrifa fyrir umhverfið** : Útlosun frá loftræstingu eða verkferlum ætti að yfirfara til að tryggja að hún sé í samræmi við lög um umhverfisvernd. Í sumum tilvikum þarf að koma reykþvottur, síur eða endurbætur á framleiðslubúnaði til að minnka útblástur í þolanlegt horf.

9. LIÐUR: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grundvallareiginleika

Form (fasi)	:	Vökvi
Litur	:	Glær
Lykt	:	Einkennandi
Lyktarþröskuldur	:	Ekki fyrirbyggjandi.
pH	:	Ekki fyrirbyggjandi.
Bræðslu- /frostmark	:	Ekki fyrirbyggjandi.
Upphafssuðumark og suðumarksbil	:	Ekki fyrirbyggjandi.
Blossamark	:	Lokaður bikar: > 40°C
Uppgufunarhraði	:	Ekki fyrirbyggjandi.
Eldfimi(fast efni, lofttegund)	:	Á ekki við.
Brunatími	:	Á ekki við.
Brunahraði	:	Á ekki við .
Efri / neðri bruna- og sprengimörk	:	Ekki fyrirbyggjandi.
Gufuþrýstingur	:	Ekki fyrirbyggjandi.
Eðlismassi gufu	:	Ekki fyrirbyggjandi.
Eðlismassi	:	0,80 g/cm ³
Leysanleiki	:	Óleysanlegt í eftirfarandi efnun: heitu og köldu vatni.
Deilistuðull: n-oktanól/ vatn	:	Ekki fyrirbyggjandi.
Sjálfsíkveikjuhitastig	:	Ekki fyrirbyggjandi.

Sundrunarhitastig	:	Ekki fyrirbyggjandi.
Seigja	:	Ekki fyrirbyggjandi.
Sprengifimi	:	Ekki fyrirbyggjandi.
Oxunareiginleikar	:	Ekki fyrirbyggjandi.

9.2 Aðrar upplýsingar

Engar frekari upplýsingar.

10. LIÐUR: Stöðugleiki og hvarfgirni

- 10.1 Hvarfgirni** : Engar upplýsingar úr rannsóknum á hvarfgirni eru tiltækar fyrir þessa vöru eða innihaldsefni hennar.
- 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki** : Varan er stöðug.
- 10.3 Möguleiki á hættulegum efnahvörfum** : Við venjuleg geymsluskilyrði og notkun eiga hættuleg efnahvörf ekki að eiga sér stað.
- 10.4 Aðstæður sem ber að forðast** : Forðist alla íkveikjuvalda (neista eða loga). Ekki beita ílátið þrýstingi, skera, logsjóða, bora, kremja eða láta komast í snertingu við íkveikjuvalda.
- 10.5 Ósamrýmanleg efni** : Hvarfgjarnt eða ósamrýmanlegt við eftirfarandi efni: Oxunarefni.
- 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni** : Við venjuleg geymslu- og notkunarskilyrði ættu hættuleg niðurbrotsefni ekki að myndast.

11. LIÐUR: Eiturefræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Engar upplýsingar eru fyrirbyggjandi um vöruna sjálfa. Blandan hefur verið metin eftir hefðbundinni aðferð tilskipunar um hættuleg efni 1999/45/EB og flokkuð fyrir eiturefnafræðilega eiginleika til samræmis við það. Sjá nánar í liðum 2 og 15.

Váhrif af leysiefnagufum í meiri styrk en uppgefin gildandi viðmiðunarmörk geta haft skaðleg heilsufarsleg áhrif svo sem ertingu á slímhimnu og öndunarfæri og skaðleg áhrif á nýru, lifur og miðtaugakerfi. Leysiefni geta valdið sumum af ofangreindum áhrifum með upptöku gegnum húð. Til einkenna og merkja teljast höfuðverkur, svimi, þreyta, aumir vöðvar, slappleiki og í mjög alvarlegum tilvikum meðvitundarleysi. Endurtekin eða langvarandi snerting við blönduna getur valdið eyðingu náttúrulegrar fitu húðar sem leiðir til exems án ofnæmis og upptöku gegnum húð. Ef blandan slettist í augu getur það valdið afturkræfum skaða. Inntaka getur valdið ógleði, niðurgangi, uppköstum, ertingu í meltingarfærum og lungnabólgu af völdum efna.

Inniheldur 2-bútanonoxím.

Bráð eiturhrif

Vara/ heiti efnispátta	Niðurstaða	Tegundir	Skammtur	Váhrif
	LD50 (inntaka)	Rotta	>5000 mg/kg	-

Terpentína	LD50(húð) LC 50 (innöndun)	Rotta Rotta	~ 3400 mg/kg 1,58 – 13,1 mg/L	24 klst 4 klst
2-bútanónoxím	LD50 (inntaka)	Rotta	930 mg/kg	-
3-joð-2-própýnyl bútýlcarbamat	LD50 (húð) LD50 (inntaka)	Kanína Rotta	>2000 mg/kg 1470 mg/kg	- - -

12. LIÐUR: Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif

Vara/ heiti efnispátta	Niðurstaða	Tegundir	Váhrif
Terpentína	Bráð EL50 4,6 - 100 mg/L	Þörungar	24 klst
Terpentína	Bráð EL50 100 - 200 mg/L	Halafær	48 klst
Terpentína	Bráð LL50 10 – 100 mg/L	Fiskur	72 klst
3-joð-2-própýnyl bútýlcarbamat	Bráð EC50 0,022mg/L	Þörungar	72 klst
	Bráð EC50 0,16 mg/L	Halafær	48 klst
	BráðLC50 0,067 mg/L	Fiskur	96 klst

Niðurstaða / samantekt: Ekki fyrirbyggjandi.

12.2 Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Niðurstaða / Samantekt : Ekki fyrirbyggjandi.

Vara/ heiti efnispátta	Helmingunartími í vatni	Ljósrof	Lífrænt niðurbrot
Terpentína	-	-	Auðvelt
3-joð-2-própýnyl bútýlcarbamat	-	-	Auðvelt

12.3 Uppsöfnun í lífverum

Vara/ heiti efnispátta	LogP _{ow}	BCF	Möguleiki
2-bútanonoxím	0,63	5,01187	Lágt

12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi

Ásogsstuðull fyrir jarðveg /vatn (K_{oc}) : Ekki fyrirbyggjandi.

Hreyfanleiki : Ekki fyrirbyggjandi.

12.5 Niðurstöður PBT og vPvB mats

PBT : Á ekki við.

vPvB : Á ekki við.

12.6 Önnur skaðleg áhrif: Engin þekkt veruleg áhrif eða mikilvæg hættu.

13. LIÐUR: Förgun

Þessi liður inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar.

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Hindrið að efnið komist í niðurföll eða vatnsfarvegi. Vöruleifar og umbúðir eru flokkaðar sem hættulegur úrgangur.

Úrgangsskrá Evrópu (EWC) : Úrgangsmálning sem inniheldur lífræn leysiefni eða önnur hættuleg efni. Ef þessari vöru er blandað saman við annan úrgang getur verið að þessi kóði gildi ekki lengur. Ef blöndun á sér stað við annan úrgang skal tiltaka viðeigandi kóða. Frekari upplýsingar fást hjá eftirlitsaðlila á hverjum stað.

14. LIÐUR : Upplýsingar um flutninga

Flutningur efnis innan athafnasvæðis notanda: Varan skal ávallt flutt í lokuðum umbúðum sem standa uppréttar. Tryggja skal að þeir sem flytja vöruna viti hvernig bregðast skal við ef slys eða leki á sér stað.

Flutningar í samræmi við landslög og ADR flutninga á vegum , RID fyrir flutninga í lestum, IMDG fyrir flutninga á sjó og IATA fyrir flutninga í lofti.

Alþjóðlegar reglugerðir um flutninga.**14.1 UN –númer** : 1263**14.2 UN Sendingarheiti** : Paint**14.3 UN Hættuflokkar við flutninga** : 3**14.4 Þökkunarflokkur** : III**14.5 Umhverfishætta** : Já**14.6 Sérstakar varúðar-ráðstafanir fyrir notandann** : Ekki fyrirbyggjandi.**Viðbótarupplýsingar****ADR/RID** : Jarðgangakóði: (D/E)
Auðkennisnúmer hættuþátta: 30
Sérákvæði: 640E**IMGD** : **Emergency schedules (EmS)** F-E, S-E**14.7 Flutningar á lausum efnum samkv. Viðauka II við MARPOL 73/78 og IBC kóða** : Ekki fyrirbyggjandi.

15. LIÐUR : Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Reglugerðir/löggjöf um öryggi, heilsu og umhverfi sem varða efnið eða efnablönduna sérstaklega ESB- reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH)**Viðauki XIV – List yfir efni sem eru háð leyfisveitingu****Efni sem þarfnast sérstakrar aðgæslu**

Engin efnisþátta eru á skrá.

Viðauki XVII – Takmarkanir á framleiðslu, markaðssetningu og notkun ákveðinna hættulegra efna og efnablandna : Á ekki við.

15.2 Efnaöryggismat : Ekki fyrirbyggjandi.

16. LIÐUR : Aðrar upplýsingar

Skammstafanir og styttingar : ATE = Bráð eituráhrif, áætluð.
CPL = Reglugerð um flokkun, merkingu og pökkun [Reglugerð (EB) nr. 1272/2008].
DNEL = Afleidd lágmarksáhrifamörk.
EUH fullyrðing = CLP sérstök hættufullyrðing.
PNEC = Áætlaður efnastyrkur sem engin áhrif hefur.
RRN = REACH skráningarnúmer.

Heildartexti styttra H setninga:

H226 Eldfimir vökvi og gufa.
H302 Hættulegt við inntöku.
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
H312 Hættulegt í snertingu við húð.
H317 Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.
H318 Veldur alvarlegum augnskaða.
H331 Eitrað við innöndun.
H335 Getur valdið ertingu í öndunarfærum.
H351 Grunað um að valda krabbameini.
H372 Skaðar miðtaugakerfið.
H400 Mjög eitrað lífi í vatni.
H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
EUH 066 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Heildartexti flokkunar [CLP/GHS]

Flam. Liq. 3, H226	ELDFIMIR VÖKVAR - Flokkur 3
Acute Tox. 4, H302	BRÁÐ EITURHRIF – Flokkur 4
Asp. Tox. 1, H304	HÆTTULEGT ÖNDUN – Flokkur 1
Acute Tox. 4, H312	BRÁÐ EITURHRIF – Flokkur 4
Skin Sens. 1, H317	HÚÐNÆMING - Flokkur 1
Eye Dam. 1, H318	ALVARLEGUR AUGNSKAÐI/AUGNERTING Flokkur 1

Acute Tox. 3, H331	BRÁÐ EITURHRIF – Flokkur 3
STOT SE 3, H335	SÉRTÆK EITURHRIF Á MARKLÍFFÆRI - Flokkur 3
Carc. 2, H351	KRABBAMEINSVALDANDI ÁHRIF – Flokkur 2
STOT RE 1, H372	STERK EITURHRIF Á MARKLÍFFÆRI - Flokkur 1
Aquatic Acute 1, H400	BRÁÐ EITURHRIF – Flokkur 1
Aquatic Chronic 1, H410	LANGVINN EITURHRIF – Flokkur 1
Aquatic Chronic 2, H411	LANGVINN EITURHRIF – Flokkur 2

Dagsetning útgáfu/ : 31.03.2017
endurskoðunar :

Dagsetning fyrri útgáfu :

Útgáfa :

Þetta öryggisblað er unnið í samræmi við reglugerð EB nr. 1907/2006

Vöruna skal ekki nota í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er í 1. hluta, án undangengins samráðs við framleiðanda og að fenginni skriflegri verklýsingu.

Þar sem aðstæður við notkun vörunnar eru utan umráða framleiðanda er notandi ábyrgur fyrir því að kröfum viðeigandi reglugerða sé fullnægt.

Upplýsingar í þessu öryggisblaði byggja á þeirri þekkingu sem til staðar er við útgáfu þess og þeim reglugerðum sem í gildi eru á útgáfudegi öryggisblaðsins. Öryggisblaðið veitir leiðbeiningar um þá þætti sem lúta að heilsufari, öryggi og umhverfi í tengslum við vöruna og ber að skoða í ljósi þess en ekki sem tryggingu fyrir gæðum vörunnar eða notagildi hennar við tilteknar aðstæður.